

Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara á Akureyri (SFHA)

Úthlutunarreglur¹

1. Umsækjendur

1.1 Hverjir eiga rétt til styrks úr SFHA

a) Félagsmenn í Félagi háskólakennara á Akureyri (FHA) geta sótt um styrk í SFHA.

Umsækjandi þarf þessu til viðbótar að uppfylla tvö skilyrði:

i) Félagsgjald umsækjanda til FHA hafi verið greitt í a.m.k sex mánuði samfleytt á lokadegi skilafrests, sbr. d-lið í kafla 2.3.

ii) Á sama sex mánaða tímabili þarf félagsmaður að lágmarki að hafa verið í 49% starfshlutfalli að meðaltali.

b) Háskólinn á Akureyri. Sjá nánar í kafla 3.

2. Félagsmenn í Félagi háskólakennara á Akureyri

2.1 Styrkhæf verkefni

Þar sem markmið SFHA lúta að markvissri starfsþróun félagsmanna FHA, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykta sjóðsins, verða eingöngu verkefni styrkt sem varða annað hvort starf eða fagsvið umsækjanda, svo sem vegna kostnaðar sem stafar af:

- a. Skólagjöldum;
- b. Námskeiðsgjöldum;
- c. Ráðstefnugjöldum;
- d. Rannsóknamissurum og námsleyfum þar sem viðkomandi vinnuveitandi greiðir ekki allan ferðakostnað;
- e. Rannsóknasamstarfi við háskóla og rannsóknastofnanir;
- f. Rannsókn- náms- og starfsþróunarferðum (e. study visit);
- g. Öðrum útlögðum ferðakostnaði, m.a. flug- og lestarfargjöldum og/eða aksturskostnaði, hótél- og gistikostnaði. Undir þennan lið falla m.a. innanbæjarsamgöngur þegar um er að ræða ferð til og frá lokaáfangastað, t.d. flugvelli eða lestarstöð, til endanlegs gististaðar. Hámarksgreiðslur vegna slíkra innanbæjarsamgangna er kr. 7.500,- fyrir hvora ferð. Akstur innanlands með einka eða bílaleigubílum milli Akureyrar og Reykjavíkur/Keflavík er styrktur um sömu upphæð og HA er að greiða fyrir flug en annars er miðað við lægsta fargjald almenningsvagna.

Ekki styrkhæft:

¹ Þessar reglur voru upphaflega samþykktar 11. janúar 2017. Hinn 12. desember 2017 var 1.1, 2.1, 2.3 a) og 2.3d), 3. og 4. breytt og hinn 15. febrúar 2019 var 1.1 ii) og 2.2 breytt. Þann 19. ágúst var 2.1 g), 2.2, 2.3 b) og g) breytt í núverandi horf.

- Samgöngur innan borgar eða sveitarfélaga
- Bílaleigubílar
- Launatap
- Námsgögn
- Fæði
- Kynnisferðir
- Tómstundanámskeið

Sjóðstjórn metur vafatilvik.

2.2 Styrkfjárhæð

Hámarksupphæð styrkja miðast við kr. 500.000 á hverjum 18 mánuðum. Hámarksstyrkur miðast við 100% starfshlutfall síðustu 6 mánuði áður en umsókn er skilað inn. Félagsmenn FHA með 49% starfshlutfall eða meira njóta styrkja í samræmi við starfshlutfall. Upphaf hins 18 mánaða tímabils miðast við fyrstu útgreiðslu styrks. Aldrei eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum.

Ef sjóðspurrð verður eða sjóðurinn stendur illa sé mið tekið af tekjum hans og fyrirsjáanlegum fjárhagskuldbindingum, getur sjóðsstjórn ákveðið að þeir skulu njóta forgangs á meðal umsækjenda sem lægstu styrki hafa fengið úr sjóðnum.

2.3 Umsókn og greiðsla styrks

a) Umsókn um styrk:

Umsóknaeyðublað ásamt upplýsingum um reglur sjóðsins eru aðgengileg á heimasíðu félagsins www.fha.is. Umsóknir á þar til gerðum eyðublaðum, skal senda sjóðnum rafrænt á netfang sfha@unak.is

Vanda skal frágang umsóknar og í henni skal nákvæmlega tilgreint með hvaða hætti umsækjandi hyggst verja styrknum auk annarra upplýsinga sem tilgreind eru á eyðublaðinu.

Ef umsókn lýtur að endurgreiðslu kostnaðar, sem samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er mældur í erlendum gjaldeyri, ber umsækjanda að sýna fram á hver sá kostnaður hafi verið í íslenskum krónum.

b) Frumrit reikninga:

Greiðslur úr sjóðnum fara að jafnaði fram gegn framvísun frumrits reiknings. Af þessu leiðir að útgreiðsla styrks á sér jafnan ekki stað nema að sannað sé með gögnum að hagnýting viðkomandi útgjaldaliðar sé afstaðin, svo sem flug og gisting.

c) Staðfesting á verkefni:

Auk framvísunar reiknings þarf að sýna fram á að styrkurinn mæti kostnaði við verkefnið sem sótt er um, svo sem með dagskrá eða þátttökulista. Staðfesting þarf að koma frá öðrum aðila en umsækjanda sjálfum. Nauðsynlegt er því að halda til haga öllum gögnum.

d) Skilafrestur og útborgun styrks:

AB 6/10
KS SKK

Lokadagar fresta til að skila umsókn, ásamt fullnægjandi gögnum, eru 1. febrúar, 1. maí, 1. september og 1. desember ár hvert.

Styrkir úr sjóðnum eru að jafnaði greiddir út í byrjun janúar, mars, júní og október ár hvert.

Félagsmaður sem ekki hefur skilað fullnægjandi gögnum fyrir lok skilafrests á ekki rétt á að umsóknin verði afgreidd í fyrstu úthlutun á eftir.

Umsókn um styrk skal berast sjóðnum innan árs frá lokum verkefnis eða frá því að formlegt nám hófst. Með lok verkefna er átt við að lyktir þess séu endanlegar, svo sem að námskeiði sé lokið, ráðstefnu sé lokið og svo framvegis.

Þegar styrkur hefur verið greiddur inn á bankareikning umsækjanda er afgreiðslan tilkynnt honum með tölvuskeyti.

e) Tvígreiðsla eða ofgreiðsla styrks:

Ef mistök verða í afgreiðslu styrkumsóknar eða greiðslu styrks munu starfsmenn sjóðsins leitast við að leiðrétta mistök eins fljótt og hægt er. Ef umsækjandi hefur fengið tvígreiddan styrk eða ofgreidda styrkupp hæð ber honum að tilkynna sjóðnum mistökin og endurgreiða sjóðnum hina ofgreiddu fjárhæð.

f) Upplýsingar til skattfyrvalda:

Í byrjun hvers árs sendir SFHA upplýsingar til skattfyrvalda þar sem gerð er grein fyrir styrkþegum og styrkupp hæðum fyrra árs.

2.4 Hlé eða rof á sjóðsaðild

a) Fæðingarorlof:

Aðildarrof í fæðingarorlofi skerðir ekki möguleika á styrk enda sé félagsgjald greitt á orlofstímabili.

b) Launalaust leyfi:

Ekki er unnt að sækja um styrk í launalaus leyfi.

c) Atvinnuleysi:

Við atvinnumissi halda félagsmenn réttindum í allt að 12 mánuði enda sé félagsgjald greitt á tímabilinu.

3. Stofnanir

3.1 Aðild að SFHA

Fullgild aðild að Starfsþróunarsjóði Félags háskólakennara á Akureyri hefur Háskólinn á Akureyri og stofnanir tengdar honum og greiða iðgjöld til sjóðsins vegna félagsmanna Félags háskólakennara á Akureyri sem þar starfa.

3.2 Styrkhæf verkefni

AB 640
KS 5LK

Verkefni þurfa að falla að markmiðum stofnunar í starfsþróunarmálum og taka til starfsmanna sem iðgjöld eru greidd fyrir til SFHA. Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara á Akureyri styrkir eftirfarandi.

a) Starfsþróunaráætlanir

Að koma upp virku ferli við gerð starfsþróunaráætlana innan stofnunar

b) Verkefni sem byggja á starfsþróunaráætlunum

Styrkir eru veittir til stofnana til að setja upp skilgreint verklag í mannauðsmálum sbr. eftirfarandi flokka í handbók Kjara- og mannauðssýslu ríkisins.

- i. Starfsmannastefna
- ii. Mannaflagreining og mannaflaspá
- iii. Starfsgreining, hæfni og starfslýsing
- iv. Starfsmannasamtal og mat á frammistöðu
- v. Starfsþróun
- vi. Mannauðsmælikvarðar
- vii. Teymisvinna

Ekki eru styrkt verkefni sem eru hluti af reglubundinni starfsemi stofnunnar heldur þarf að vera um nýbreytni og nýsköpun að ræða.

3.3 Styrkfjárhæð

Stjórn ákvarðar hvaða fjármagni verði veitt í styrki til stofnana í samræmi við áherslur stjórnar hverju sinni.

3.4 Umsóknareyðublað

Sótt eru um á sérstöku eyðublaði á heimasíðu Félags háskólakennara á Akureyri www.fha.is.

4. Málskotsréttur

Ef sjóðfélagi er ósáttur við afgreiðslu sjóðsins á styrkumsókn sinni og fylgigögnum á hann ávallt rétt á að vísa erindi sínu á ný til stjórnar sjóðsins. Verður afgreiðslan þá tekin upp á næsta fundi stjórnar.

5. Gildistökuákvæði

Reglur þessar eru samþykktar í stjórn sjóðsins 19. ágúst 2019 og taka þegar gildi.

F.h. Stjórnar Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara á Akureyri

Gudmundur Kr. Óskósson
Kvinna Sigurtaur. Sigrún Þóra Kristjánsd.